

Titill: Almenn sálfræði

Skammstöfun: SÁLF2AA05

Útgáfunúmer:

Námsgrein: Sálfræði

Viðfangsefni: Almenn sálfræði

Einingafjöldi: 5

Lýsing:

Í áfanganum fá nemendur kynningu á sálfræði sem fræðigrein þar sem fjallað er um eðli hennar, uppruna, sögu og þróun. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur læri um ólíkar stefnur og sjónarmið sálfræðinnar, meðal annars líffræðilega sálfræði, hugræna sálfræði og námssálfræði, og geti skoðað sálfræðileg viðfangsefni út frá þeim. Fjallað er um ýmis viðfangsefni innan sálfræðinnar eins og heilann, geðraskanir, minni og mótun hegðunar ásamt því að kynna nemendum fyrir mismunandi störfum sálfræðinga. Einnig eru helstu rannsóknaraðferðir kynntar og nemendur fá þjálfun í framkvæmd sálfræðilegra rannsókna og skýrsluskrifum.

Forkröfur: Engar forkröfur

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreytileika sálfræðinnar sem fræðigreinar
- grunnatriðum í þróun sálfræðinnar sem fræðigreinar
- helstu sjónarmiðum nútímasálfræði (þ.e. ólíkum skýringum á sálarlífinu) og átti sig á því að hægt er að nálgast sálfræðileg viðfangsefni frá ólíkum sjónarhornum
- sálfræðilegum rannsóknum og kenningum um m.a. minni og nám
- hugrænni sálfræði, námssálfræði og líffræðilegri sálfræði
- hagnýtu gildi sálfræðinnar og helstu starfssviðum sálfræðinga
- mannlegu sálarlífi, mannlegum samskiptum og hvað stjórnar hegðun
- grunnhugtökum aðferðafræði og tölfraði er lúta að sálfræði sem vísindagrein
- helstu siðareglum sálfræðinnar

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita vísindalegri hugsun og vinnubrögðum
- beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skýran og skilmerkilegan hátt
- skoða eigin hegðun og sálarlíf, sem og annarra, út frá grunnhugtökum sálfræðinnar
- búa til einfalda tilraun og framkvæma hana
- framfylgja helstu siðareglum við gerð sálfræðilegra rannsókna
- framkvæma einfalda tölfraðilega útreikninga á sviði sálfræði og skrifa tilraunaskýrslu eftir reglum sálfræðinnar
- tjá kunnáttu sína bæði í ræðu og riti

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja efni áfangans við eigið líf og skoða eigin hegðun og annarra út frá kenningum sálfræðinnar
- átta sig á því að hegðun og sálarlíf er háð samspili margra áhrifapátta
- átta sig á hvað mótar eigin sjálfsmynd
- mynda sér skoðanir á efni áfangans og sálfræði almennt á forsendum gagnrýnnar hugsunar og setja fram eigin rannsóknarniðustöður með gagnrýnum hætti
- afla sér upplýsinga á fagsviði sálfræðinnar og meta gildi þeirra

Námsmat:

Lokapróf, rannsóknarverkefni, tímaverkefni, tímapróf.